



Viðtakandi: Leikskóla- og daggæsluráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 3. september 2026

SFS26080064

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn leikskóla- og daggæsluráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um fjölda foreldra sem hafa sótt um afslátt af leikskólagjöldum eftir að leikskólaleiðin tók gildi

Á fundi leikskóla- og daggæsluráðs, 17. ágúst 2026, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar:

Hversu margir foreldrar hafa sótt um afslátt af leikskólagjöldum eftir að leikskólaleiðin tók gildi? Óskað er eftir sundurliðun niður á tekjuviðmið og sambúðarstöðu foreldra. Þá er óskað eftir upplýsingum um hver vistunartími barna er hjá foreldrum sem sækja um afslátt.

Svar:

Frá því að leikskólaleiðin tók gildi 1. apríl 2026 hafa alls 1.723 foreldrar fengið afslátt af leikskólagjöldum. Fjöldi barna í leikskólum í Reykjavík er um 7000 í borgarreknum og sjálfstætt starfandi leikskólum. Flestir umsækjendur eru einstæðir foreldrar með árslaun undir 8 m.kr. (435 foreldrar) og sambúðarfolk með samanlögð árslaun á bilinu 11-18 m.kr. (432 foreldrar).

Börn þeirra foreldra sem njóta afsláttar eru samtals 1.894 talsins og er meðalvistunartími þeirra 7,79 klukkustundir á dag. Meðalvistunartími allra barna var 38,61 á viku þann 1. ágúst 2026 eða á bilinu 7,5 til 8 klukkustundir á dag, óháð tekjuflokki eða sambúðarstöðu foreldra.

Nánari sundurliðun eftir tekjuviðmiðum, sambúðarstöðu og vistunartíma kemur fram í meðfylgjandi töflum. Taka þarf mið af því að gögnin sem við fáum úr Völu kerfinu eru ekki nákvæm og krefjast mikillar handavinnu. Það kemur fyrir að börn komi tvisvar fram á lista í þeim tilfellum þar sem þau eru að skipta um leikskóla, umsókn er endurnýjuð, afsláttarflokki er breytt eða ef foreldri á mörg börn.



Reykjavík



Fjöldi foreldra sem hafa fengið afslátt eftir tekjuviðmiðum og sambúðarstöðu.

Staðan þann 20. ágúst 2026 sýnir eftirfarandi fjölda umsækjenda með gildan afslátt síðan 1. apríl 2026:

Afsláttarflokkar	Fjöldi
Einstætt foreldri með árslaun undir 8 m.kr.	435
Einstætt foreldri með árslaun á milli 8-13 m.kr.	192
Einstætt foreldri með árslaun yfir 13 m.kr.	49
Sambúðarfólk með árslaun undir 11 m.kr.	257
Sambúðarfólk með árslaun á milli 11-18 m.kr.	432
Starfsmaður leikskóla (50% afsláttur.)	358
Samtals	1.723

Fjöldi barna og meðalvistunartími

Afsláttarflokkar	Fjöldi barna	Meðalvistunartími (klst.)
Einstætt foreldri með árslaun undir 8 m.kr.	453	7,90
Einstætt foreldri með árslaun á milli 8-13 m.kr.	204	8,01
Einstætt foreldri með árslaun yfir 13 m.kr.	50	7,98
Sambúðarfólk með árslaun undir 11 m.kr.	286	7,61
Sambúðarfólk með árslaun á milli 11-18 m.kr.	485	7,79
Starfsmaður leikskóla (50% afsláttur)	416	7,71
Samtals	1.894	7,79

Athugið að fjöldi barna er hærri en fjöldi foreldra þar sem sumir foreldrar eiga fleiri en eitt barn í leikskóla.

Vistunartími barna miðað við tekjuafslátt

Börn einstæðra foreldra með árslaun undir 8 m.kr.

Vistunartími	Fjöldi barna
7,4 tímar og minna	99
7,5 - 8 tímar	172
8,01 tímar og meira	181
Samtals	452



Börn einstæðra foreldra með árslaun á milli 8-13 m.kr.

Vistunartími	Fjöldi barna
7,4 tímar og minna	32
7,5 - 8 tímar	87
8,01 tímar og meira	85
Samtals	204

Börn einstæðra foreldra með árslaun yfir 13 m.kr.

Vistunartími	Fjöldi barna
7,4 tímar og minna	5
7,5 - 8 tímar	22
8,01 tímar og meira	23
Samtals	50

Börn sambúðarfólks með árslaun undir 11 m.kr.

Vistunartími	Fjöldi barna
7,4 tímar og minna	111
7,5 - 8 tímar	111
8,01 tímar og meira	63
Samtals	285

Börn sambúðarfólks með árslaun á milli 11-18 m.kr.

Vistunartími	Fjöldi barna
7,4 tímar og minna	126
7,5 - 8 tímar	227
8,01 tímar og meira	128
Samtals	481

Börn starfsmanna leikskóla sem fá 50% afslátt.

Vistunartími	Fjöldi barna
7,4 tímar og minna	117
7,5 - 8 tímar	210
8,01 tímar og meira	85
Samtals	412

